

Íþróttir 8. bekkur

Markmið íþróttakennslu í 7.-8. bekk er að halda áfram að örva þroska nemandans og efla afkastagetu hans. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Að nemendur hafi ánægju af íþróttum horfi á þær sem jákvæða upplifun. Læri að bera ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun íþróttar og/ eða líkams- og heilsuræktar og fái þannig vitneskju um mikilvægi heilsuverndar. Nemendur skulu ávallt mæta með viðeigandi fatnað.

Hæfniviðmið

- píptest tvisvar á ári. (10%),
- 60m spretthlaup tvisvar á ári (10%),
- hreysti: Velja tvennt. (20%),
 - armbeygjur,
 - dýfur,
 - upphýfingar,
 - langstökk án atrennu,
 - klifrað í kaðal.
- Færni í boltaíþróttum: Velja aðra hvora greinina.
 - Fótþéttli: 1. Knattrak í gegnum keilur á tíma. 2. Skottækni,
 - Körfubolti: 1. Knattrak í gegnum keilur á tíma. 2. Skottækni.
- Leikfímifærni: Nemandi þarf að sýna 3 samsettar æfingar á dýnu
- „Íþróttamannsleg framkoma“
 - í búningsklefa,
 - við kennara og annað starfsfólk,
 - „inni á vellinum“ (hvernig nemandi kemur fram við aðra nemendur í sama liði, og andstæðinga),
 - hvernig nemendur mæta tapi og sigrum,
 - samvinna (aðstoða þá sem þurfa á hjálp að halda í íþróttinni hverju sinni).
- Umgengni
 - í íþróttahúsinu,
 - í búningsklefa,
 - hvernig farið er með áhöld og eigur skólans og íþróttahússins.

Kennsluhættir

- íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi, Hópinu (fjölnota íþróttahús) og úti,
- kennt er tvisvar í viku, 40 mínútna tímar,
- kennt er í formi leikja, stöðvahringja, áhaldahringja og valttíma,
- kynntar eru ýmsar íþróttagreinar, reglur og fyrirkomulag,
- lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni,
- að hausti og vori er útikennsla í íþróttum í 4 vikur í senn.

Námsmat

Námsmatið er tvíþætt, prófseinkunn og starfseinkunn.

Prófseinkunn (50%)

Val (10%) Nemendur velja annað hvort færni í boltaíþróttum eða fimleikafærni.

Starfseinkunn (50%)

- Virkni í tímum/ þátttaka, íþróttamannsleg framkoma, umgengni

Skólanámskrá – Námsvísir – Elsta stig

- Nemendur fá umsögn/vitnisburð í foreldraviðtölum yfir veturinn og gefið er í tölustaf/bókstaf (fer eftir hvað við á) + umsögn að vori.